

Föstudaginn 25. október 1991.

Nr. 423/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni.

Kærumál. Farbann. Hald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. og 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. tl. sömu gr., skotið til Hæstaréttar úrskurði sakadóms Reykjavíkur um farbann og hald á vegabréfi, persónuskilríkjum, farmiða og persónulegum skjölum í eigu sinni. Kæran er frá 18. október sl., en barst Hæstarétti 22. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur með vísan til forsendna hans.

Varnaraðili, sem er erlendur maður án fasts heimilisfangs, er hér á landi undir rannsókn vegna grunar um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir rétt eftir atvikum að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður skal vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. október 1991.

Ár 1991, föstudaginn 18. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Þorbirni Vilhelm Gunnarssyni, fæddum 3. september 1965, verði gert að sæta farbanni allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00.

Hinn 17. þ.m. var kærða með úrskurði dómsins gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 23. október nk. kl. 16.00 vegna grunar um

aðild hans að fjársvikum vegna viðskipta við fyrirtækið Kristu sf. og vegna dvalar á Hótel Holti. Hæstiréttur Íslands felldi fyrr í dag úr gildi úrskurð sakadóms Reykjavíkur um gæsluvarðhald yfir kærða og byggir dóm sinn á því, að ekki hefði verið nægilega sýnt fram á, að ekki væru fyrir hendi aðrar og léttbærari aðferðir tiltækar til að tryggja návist kærða.

Rannsókn þessara kærumála er vel á veg komin, þó að enn eigi eftir að yfirheyra vitni. Með vísan til framanritaðs og skírskotunar til 72. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að verða við kröfu RLR um, að lagt verði á kærða farbann. Skal kærði því halda sig innan íslenskrar lögsögu, og er honum meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00, og skal hann, meðan á farbanni stendur, halda sig innan aðalstarfssvæðis RLR, svo sem það er afmarkað með reglugerð, og skal hann koma á skrifstofu RLR á hverjum degi kl. 15.00 til að tilkynna þar rannsóknarstjórnanda um veru sína.

RLR hefur jafnframt krafist þess með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974, að lagt verði hald á vegabréf, persónuskilríki, farmiða og persónuleg skjöl varðandi kærða, er RLR hefur tekið í sínar vörslur við meðferð málsins. Með vísan til framangreinds lagaákvæðis þykir rétt að taka kröfu RLR um haldlagningu til greina.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Þorbjörn Vilhelm Gunnarsson, skal halda sig innan íslenskrar lögsögu og er meinuð för frá Íslandi allt til miðvikudagsins 30. október nk. kl. 16.00. Kærði skal, meðan á farbanninu stendur, halda sig innan aðalstarfssvæðis RLR, og skal hann koma á skrifstofu RLR á hverjum degi kl. 15.00 til að tilkynna þar rannsóknarstjórnanda um veru sína.

Lagt er hald á vegabréf, persónuskilríki, farmiða og persónuleg skjöl í eigu kærða, er RLR hefur tekið í sínar vörslur.